


✉ Re: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til hagnýtingar grunnvatns

Búið til	11.5.2021 12:56:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.5.2021 12:56:04
Tilheyrir	 202104-0028 - Beiðni um umsókn frá Landeldis ehf, um leyfi til hagnýtingar grunnvatns úr athafnasvæðis fyrirtækisins við Laxabraut í Þorlákshöfn

Efni

Re: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til hagnýtingar grunnvatns

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	11.5.2021 12:56:04	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	kg@os.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál 202104-0028

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 15. apríl síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landeldis ehf. um nýtingarleyfi til töku á grunnvatni úr athafnasvæði fyrirtækisins að Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ölfus.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umsókn Landeldis ehf. og meðfylgjandi skjöl. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 27.2.2020 um frummatsskýrslu Landeldis ehf. vegna þeirra áforma um 5.000 tonna fiskeldi, sem nýtingarleyfið til vatnstöku er fyrir. Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemd við töku á grunnvatni, sjóblönduðu grunnvatni eða fullsöltu grunnvatni í þeirri umsókn. Magn áætlaðrar vatnstöku hefur ekki breyst frá því sem kom fram í frummatsskýrslu. Í umsókn um nýtingarleyfi kemur fram áætlun um efnistöku til 25 ára með þrepaskiptingu vinnsluaukningar sem á að draga úr áhættu á röskun. Þá er stefnt að vöktun á jafnvægi grunnvatns samhliða vatnsvinnslunni byggt á leiðbeiningum Orkustofnunar. Þetta er mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar. Tryggja þarf að staðið sé þannig að vöktun að hægt sé að nema allar breytingar á hlutfalli ferskvatns og salts grunnvatns. Mikilvægt er að það verði til staðar verklagsreglur komi slíkar breytingar fram til þess að hægt sé að tryggja það að vatnstaka á svæðinu sé sjálfbær.

Þar sem um mikla vatnstöku er að ræða veltir Náttúrufræðistofnun því fram til umhugsunar hvort stórar landeldisstöðvar eins og Landeldi ehf. áætla við Þorlákshöfn, geti stefnt að sjálfbærari nýtingu á vatni með því að innleiða vatnshreinsun sem geri starfseminni kleyft að endurnýta vatn að einhverju leyti. Það myndi einnig leiða til minna afrennslis og draga úr mengunarhættu frá því.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við veitingu nýtingarleyfisins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson


.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Kristján Geirsson" <kg@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>; "Þóra Margrét Þórsdóttir" <m@os.is>
Subject: Beiðni um umsögn um umsókn um leyfi til hagnýtingar grunnvatns
Date: 15.4.2021 13:26:55

Orkustofnun hefur borist umsókn Landeldis ehf. um nýtingarleyfi til töku á grunnvatni úr athafnasvæði fyrirtækisins að Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ölfus, með vísan til 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (hér eftir auðlindalög).

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga, óskar Orkustofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkomna umsókn Landeldis ehf, sbr. bréf sem fylgir með í viðhengi með tölvupósti þessum. Vegna umfangs fylgiskjala er ekki unnt að senda þau með tölvupósti en skjölin má hins vegar nálgast með því að  smella hér (https://orkustofnunis-my.sharepoint.com/:f:/g/personal/kg_os_is1/EpP4mlQQPGhCgBY9FD-pqyMBYuz3Rdzj9kQXZKIF7qOTw?e=w9wCCg).

Vinsamlegast athugið að umsagnarbeiðni þessi er einungis send með rafrænum hætti, ekki verða prentuð eða send eintök af bréfum, umsókn Landeldis eða fylgiskjölum.

Ef óskað er nánari upplýsinga eða ef vandamál koma upp við niðurhal gagna er undirritaður að sjálfsögðu reiðubúinn til aðstoðar.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnsýsla vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image001.png (178 B)

image001.png (19 KB)

image002.png (5 KB)